

**Nd.**

**334. Frumvarp til laga**

[169. mál]

um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

**I. KAFLI**

**Kvikmyndasafn.**

**1. gr.**

Stofna skal Kvikmyndasafn Íslands. Kvikmyndasafn hefur aðsetur í Fræðslu- myndasafni ríkisins og starfar í tengslum við það uns annað verður ákveðið af stjórn þess og Menntamálaráðuneyti.

2. gr.

Kvikmyndasafn skal safna íslenskum kvikmyndum og kvikmyndum um íslensk efni, gömlum og nýjum, hverju nafni sem nefnast, og varðveita þær. Jafnframt aflar safnið sér eintaka (eftirgerða) af erlendum kvikmyndum sem hafa listrænt og kvikmyndasöglegt gildi að mati safnstjórnar.

3. gr.

Kvikmyndasafn fær til umráða ásamt Fræðslumyndasafni tæknilega útbúið geymslurými þar sem kvikmyndir þess skulu varðveittar. Á fjárlögum skal veita sérstakt fjárframlag til handa Kvikmyndasafni og Fræðslumyndasafni til að koma á fót þessari kvikmyndageymslu og gera hana svo úr garði sem nauðsyn krefur.

4. gr.

Fræðslumyndasafn annast rekstur Kvikmyndasafns, gegn hæfilegri borgun, þar til annað verður ákveðið, sbr. 1. gr.

Ráðinn skal sérhæfur starfsmaður að Kvikmyndasafni í a. m. k. hálfu stöðu og greiddast laun hans beint úr ríkissjóði.

Ríkissjóður greiðir til Kvikmyndasafns árið 1979 5 m.kr. og árlegt framlag eftir því sem ákveðið verður í fjárlögum.

5. gr.

Kvikmyndasafn skal hafa sýningar á myndum safnsins fyrir áhugahópa um kvikmyndir og kvikmyndagerðarlist ef óskað er og safnstjórn telur tiltækilegt. Aðgangseyrir skal tekinn fyrir kostnaði við þessar sýningar.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna stjórn Kvikmyndasafns til fjögurra ára í senn. Skal formaður skipaður án tilnefningar en hinir fjórir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Félags íslenskra kvikmyndagerðarmanna, Fræðslumyndasafns ríkisins, Ríkisútvarps — sjónvarps og Þjóðminjasafns Íslands. Stjórnin tekur ákvarðanir um kvikmyndakaup og heildarstarfsemi safnsins en felur forstöðumanni Fræðslumyndasafns framkvæmdir.

## II. KAFLI

### Kvikmyndasjóður.

7. gr.

Stofna skal kvikmyndasjóð með 30 m.kr. framlagi úr ríkissjóði, sem greiðist árið 1979. Ríkissjóður greiðir árlegt framlag til Kvikmyndasjóðs eftir því sem ákveðið verður í fjárlögum.

8. gr.

Tilgangur Kvikmyndasjóðs er að styrkja íslenska kvikmyndagerð með beinum fjárframlögum eða lánum til kvikmyndagerðarmanna.

9. gr.

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn Kvikmyndasjóðs til fjögurra ára og úthlutar hún úr sjóðnum. Formaður skal vera formaður stjórnar Kvikmyndasafns en hinir tveir samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra kvikmyndagerðarmanna og Fræðslumyndasafns ríkisins.

III. KAFLI  
Almenn ákvæði.

10. gr.

Kvikmyndasafn og Kvikmyndasjóður skulu í sameiningu stuðla að eflingu íslenskrar kvikmyndagerðar og auknum skilningi á kvikmyndagerðarlist almennt. Skal safn og sjóður leitast við í traustri samvinnu að sinna þessu verkefni með öllum tiltækum ráðum eftir því sem fjárhagur og aðstæður frekast leyfa.

11. gr.

Menntamálaráðuneyti setur reglugerð með lögum þessum þar sem nánar er ákveðið um hlutverk og starfsemi Kvikmyndasafns og reglur settar um úthlutun úr Kvikmyndasjóði. Sérstaklega skal kveða á um tengsl og samvinnu Kvikmyndasafns og Fræðslumyndasafns og tillit tekið til hugsanlegra breytinga á því fyrirkomulagi. Reglugerðin skal sett að höfðu samráði við Félag íslenskra kvikmyndagerðarmanna og Fræðslumyndasafn.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nefnd sú, er menntamálaráðherra fól að semja frumvarp til laga um kvikmyndasjóð, skilaði frumvarpi um þetta efni 26. apríl 1977. Athugasemdir við frumvarpið og einstakar greinar þess bárust frá formanni nefndarinnar 19. janúar 1978 og fylgja hér með. Frumvarpið er lagt fram óbreytt eins og nefndin skilaði því nema ákvæðin um fjárframlög. Í till. nefndarinnar er gert ráð fyrir föstu, árlegu framlagi sem framreiknast eftir verðlagsbreytingum. Hér er aðeins kveðið á um fjárhæð fyrstu framlaga 1979. Síðan skulu árleg framlög fara eftir því, sem Alþingi ákveður í fjárlögum.

Greinargerð nefndarinnar hljóðar svo:

„Hinn 30. apríl 1976 skipaði menntamálaráðherra eftirtalda menn í nefnd til að semja frumvarp til laga um kvikmyndasjóð: Jón E. Böðvarsson frá Fjármálaráðuneyti, Magnús Bjarnfreðsson frá Sjónvarpi, Sigurð Sverri Pálsson frá Félagi íslenskra kvikmyndagerðarmanna og Stefán Júlíusson frá Menntamálaráðuneyti og var hann formaður. Jón E. Böðvarsson var kosinn ritari. Nefndin lauk í rauninni störfum í desember 1976. En þar sem umræður höfðu farið fram milli nefndarmanna og ráðuneyta um öflun fjár til verkefnisins dokaði nefndin við meðan þessi hlið málsins var í athugun. Þegar engin niðurstaða fékkst í málinu varð nefndin sammála um það á fundi sínum 26. apríl 1977 að skila af sér störfum og senda menntamálaráðherra frumvarp sitt um Kvikmyndasafn og Kvikmyndasjóð sem hún hafði sýnt honum 21. des. 1976. Frumvarpið skýrir sig að mestu sjálft en til frekari áréttingar skal hér gerð grein fyrir örfáum atriðum. Tekið skal fram að nefndin hafði til athugunar fyrra frumvarp til laga um kvikmyndasjóð, ýmsar athuganir og skýrslur um málið frá einstaklingum og félögum og leitaði til Hagstofu og ráðuneyta eftir ýmsum upplýsingum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Á undanförunum árum hafa miklar umræður orðið um stofnun kvikmyndasafns, bæði meðal kvikmyndagerðarmanna sjálfra og áhugamanna um kvikmyndalist. Hafa menn yfirleitt verið á einu máli um að ekki væri vansalaust að ekkert kvikmynda-

safn væri til í landinu. Þetta er ekki síst fyrir þá sök að víða munu kvikmyndir og kvikmyndabútar, sem sögulegt gildi hafa, liggja í óreiðu og undir skemmdum.

Nefndin telur ódýrast og hagkvæmast að nýstofnað kvikmyndasafn tengist Fræðslumyndasafni sem að nokkru hefur svipuðu hlutverki að gegna þótt ekki megi blanda verkefnum þeirra saman. Reynsla og umsvif munu skera úr um hversu lengi þessi samvinna eða samrekstur á að haldast.

#### Um 2. gr.

Aðalhlutverk kvikmyndasafnsins er að safna, flokka og skrá íslenskar kvikmyndir og kvikmyndabúta og varðveita allt það efni sem til næst svo að það geti orðið sögulegar heimildir til nýtsamra upplýsinga. Annað hlutverk kvikmyndasafnsins er að afla sér eintaka (kópía) af erlendum kvikmyndum sem snerta Ísland og íslensk efni, svo og eintaka af merkjum kvikmyndum sem hafa sögulegt gildi í kvikmyndagerðarlist eða eru stíklur á þróunarferli kvikmyndagerðarinnar. Á þennan hátt getur safnið komið til móts við áhugahópa um þessa listgrein og verið til leiðbeiningar og mennta því námsfólki sem hyggst leggja út á þessa braut.

#### Um 3. gr.

Rétt hönnuð og útbúin filmugeymsla, sem því nafni getur talist, er engin til í landinu. Fræðslumyndasafn hefur ekki haft bolmagn til að koma sér upp slíkri geymslu þótt nauðsyn bæri til. Tómt mál er að tala um kvikmyndasafn nema um leið sé útbúin geymsla sem er vísindalega rétt úr garði gerð. Nefndin telur brýnt að sérstakur stofnkostnaður sé veittur kvikmyndasafninu nýja og Fræðslumyndasafni til að koma á fót slíkri geymslu. Þar sem þörfin er svo brýn má vel gera ráð fyrir að ýmsir fleiri aðilar gætu notið hér góðs af og mætti þá gera ráð fyrir einhverjum leigutekjum.

#### Um 4. gr.

Af hagkvæmnisástæðum telur nefndin rétt að Fræðslumyndasafn annist rekstur kvikmyndasafnsins, a. m. k. fyrst í stað. En fræðslumyndasafn er ekki aflögufært um rekstrarfé til nýrra viðfangsefna enda mun hlutverk kvikmyndasafnsins liggja að verulegu leyti utan við starfssvið þess. Sérfróða menn þarf því að fá til að meta rekstrarkostnað kvikmyndasafnsins og má þar að sjálfsögðu sníða stakk eftir vexti. Þó er alveg nauðsynlegt að sérhæfur starfsmaður sé í upphafi ráðinn að kvikmyndasafninu og sé það föst staða. Slíkum starfsmanni hefur Fræðslumyndasafnið ekki á að skipa. Nefndin telur viðunanlegt að þetta sé í byrjun hálf staða hjá kvikmyndasafni en beint liggur við að hann yrði að hálfu hjá Fræðslumyndasafni og yrði þá í stofnuninni starfsmaður í fullu starfi með sérþekkingu í kvikmyndagerð, meðferð, geymslu og klippingu kvikmynda. Hann yrði stjórn til aðstoðar við val á erlendum myndum. Nefndin telur nauðsynlegt að árlega sé veitt fé til kvikmyndasafnsins til kaupa á filmum og nefnir 5 millj. kr. sem lágmark miðað við verðgildi peninga árið 1976. Framlag án endurskoðunar árlega vegna verðbólgu er einskis virði.

#### Um 5. gr.

Að sjálfsögðu er það hlutverk kvikmyndasafnsins að kynna áhugafólki, nemendum og leiðbeinendum í kvikmyndalist myndakost safnsins eftir því sem tók eru á. Eins kemur til greina að safnið útvegi til skoðunar fyrir einstaka hópa erlendar úrvalsmyndir sem ekki eru í safninu. Nefndin telur sjálfsagt og eðlilegt að aðgangur sé seldur að þessum sýningum fyrir húsnæðiskostnaði og öðrum gjöldum.

#### Um 6. gr.

Eftir töluverðar umræður og athuganir varð nefndin sammála um að aðilar þeir, sem nefndir eru í greininni, ættu fulltrúa í stjórn safnsins; Félag íslenskra kvikmyndagerðarmanna vegna sérþekkingar og áhuga á viðfangsefninu, Fræðslu-

myndasafn vegna sameiginlegra hagsmuna, Sjónvarpið vegna framleiðslu á ýmsum kvikmyndum sem væntanlega ganga til safnsins og Þjóðminjasafn vegna sögulegrar og þjóðlegrar þýðingar safnsins. Eðlilegt er og sjálfsgætt að menntamálaráðuneytið skipi formann stjórnar til að tengja þessa nýju menningarstofnun ráðuneytinu.

Um 7. gr.

Stofnun kvikmyndasjóðs til styrktar kvikmyndagerð í landinu hefur lengi verið til umræðu og margar tillögur hafa verið gerðar um sjóðinn, bæði innan Alþingis og utan. Í þessum umræðum öllum hefur komið fram að stofnun sjóðsins er brýn til að styðja við bakið á hinni tiltölulega ungu listgrein héraðsins. Nefndin hafði til athugunar ýmsar þær tillögur sem fram hafa komið og taldi höfuðhluverk sitt að benda á ákveðnar leiðir til stuðnings íslenskri kvikmyndagerð. Um byrjunarfjórðungið sjálft má deila og vafalaust er það fjárveitingavalds að meta þetta menningarframtak en nefndin telur að minni fjárhæð en 30 millj. kr. miðað við verðgildi árið 1976 komi ekki til greina. Nefndin velti mjög fyrir sér hvaðan tekjur til kvikmyndasjóðsins skyldu fengnar. Til greina hefur komið hluti af skemmtskatti, sætagjald af kvikmyndahúsum o. fl. Eftir talsverða könnun, upplýsingaleit og umræður komst nefndin að þeirri niðurstöðu að beint framlag á fjárlögum væri hreinlegast og árvissast. Telur nefndin margs konar erfiðleika á framkvæmd annars konar fjáröflunar beint í sjóðinn þótt henni sé að sjálfsgætt ljóst að ríkissjóður þurfi að afla þessa fjár og leggi ekki dóm á innheimtuleiðir. En nefndin leggur áherslu á að þessi stuðningur við íslenska kvikmyndalist verði fast framlag á fjárlögum, endurskoðað árlega vegna verðbreytinga, en óháð sveiflum í skemmtanalífi landsmanna eða aðsókn að kvikmyndahúsum almennt.

Um 8. gr.

Þessi grein þarf naumast skýringa við, verkefnið liggur svo beint við. Nefndin telur að stundum komi lán til einstakra verkefna vel til greina og þannig geti sjóðurinn komið fleiri að notum. Um fjárveitingar og lán úr sjóðnum verða að sjálfsgætt sett ákvæði í úthlutunarreglum sjóðsstjórnar.

Um 9. gr.

Nefndin telur rétt og eðlilegt að sami maður sé formaður kvikmyndasafns og kvikmyndasjóðs. Þannig tengjast þessar tvær stofnanir nánar og formaðurinn verður sérhæfari og kunnari verkefninu. Er það von nefndarinnar að þessar tvær greinar á sama meiði geti þegar á stað er farið veitt hvor annarri og eflst sameiginlega til stuðnings íslenskri kvikmyndagerð. Að sjálfsgætt mun menntamálaráðherra skipa áhugamann um kvikmyndagerð í formannsstöðuna. Þar sem stjórnin hefur með höndum úthlutun úr sjóðnum telur nefndin rétt að Félag íslenskra kvikmyndagerðarmanna og Fræðslumyndasafn eigi fulltrúa í henni. Þannig mun tryggð að gerð heimildarmynda og leikinna mynda njóti jöfnum höndum styrkveitinga úr sjóðnum eftir efnun og ástæðum.

Um 10. gr.

Greinin er aðeins til áréttingar þeirri skoðun nefndarinnar að komið sé til móts við íslenska kvikmyndagerð með öllum tiltækum ráðum og ítrekunum á þeim anda frumvarpsins að svo sé um hnútana búð að í framtíðinni risi á legg sú stofnun sem verði grundvöllur hagnýtra og heillavænlegra átaka í kvikmyndalist hér á landi.

Um 11. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.